



## Framlag vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og eru vistuð utan heimilis á árinu 2023.

Áformað er að veita framlag úr ríkissjóði til að standa straum af hluta kostnaðar sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir, sem vistuð hafa verið utan heimilis árið 2023 á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Eins og fram kemur í frumvarpi því er varð að lögum nr. 38/2018 hefur verið gert ráð fyrir árlegu fjármagni úr ríkissjóði sem miðar við að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna 8-12 barna sem tilheyra þessum hópi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur ákveðið að úthlutun fjármagns fyrir árið 2023 verði eins og fyrir árið 2022 bundin við niðurstöðu sérfræðingateymis vegna barna með fjölþættan vanda, sbr. 20. gr. laga nr. 38/2018, m.v.t. til 21. gr. sömu laga. Um er að ræða börn sem sérfræðingateymið hefur staðfest að þurfi vegna fötlunar sinnar annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra.

Framlagið verður hlutfall af heildarkostnaði vegna hvers barns sem fellur undir ofangreint og mun fjárhæð greiðslu til hvers sveitarfélags ráðast af heildarfjárhæð kostnaðar samkvæmt innsendum upplýsingum frá sveitarfélögum. Um er að ræða einskíptisaðgerð vegna ársins 2023.

Þann 16. júní 2022 skipaði mennta- og barnamálaráðherra stýrihóp um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem hafði það hlutverk að kortleggja og greina þjónustuþörf þessa hóps og endurskoða fyrirkomulag úrræða og þjónustu í þessum málaflokki, með réttindi barna og aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu að leiðarljósi. Einnig átti stýrihópurinn að leggja til verka- og kostnaðarskiptingu vegna þeirrar þjónustu á milli sveitarfélaga og ríkisins. Stýrihópurinn skilaði formlega skýrslu sinni til ráðherra nú í ágúst.

<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/skyrsla-styrihops-fyrirkomulag-thjonustu-born-fjolthaettan-vanda-2023.pdf>

Í skýrslunni eru tillögur að breyttu fyrirkomulagi þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Tillögunum fylgja líka hugmyndir að kostnaðarskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaga og er gert ráð fyrir því að fjármagn það sem hingað til hefur verið greitt til sveitarfélaga sem framlag ríkisins vegna málaflokksins fari beint til þjónustunnar og því er líklegt að þessi einskíptisaðgerð vegna ársins 2023 verði jafnframt sú síðasta.

### Um sérfræðingateymi skv. lögum nr. 38/2018

Sveitarfélag sendir sérfræðingateyminu beiðni um ráðgjöf og mat á þartilgerðu eyðublaði. Hægt er að nálgast eyðublaðið hér: <https://www.bofs.is/urraedi/serfraediteymi/>

Gert er ráð fyrir að fulltrúi félagsþjónustu sveitarfélagsins taki þátt í starfi teymisins til að tryggja skilvirka öflun og miðlun upplýsinga um barnið og aðstæður þess. Teymið fer yfir innsend gögn, leggur mat á aðstæður og sendir sveitarfélagi niðurstöður sínar í leiðbeinandi greinargerð, hvort heldur sem um ræðir ráðgjöf um þjónustu og úrræði eða álit um hvort þörf sé á vistun utan heimilis í sérsniðnu úrræði.

### Teymið skipa:

Guðrún Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð, formaður.  
Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á barna og unglingsdeild.  
Hjördís Auður Árnadóttir, sálfræðingur á Stuðlum.  
Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Í lok árs mun sérfræðingateymið skila skýrslu til ráðuneytisins um þau sveitarfélög sem uppfylla ofangreind skilyrði og því er ekki um það að ræða að sveitarfélög sendi umsóknir til ráðuneytisins.